



Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

31. árg. 2022 1. tbl.

Gleður græna finger í 30 ár



Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

1. tbl. 1. árg.

Fyrsta fréttablað S.Í.

Oft hefur sú ósk komið fram á aðalfundum Skógræktarfélags Íslands, að félagið stæði að útgáfu fréttabréfs, en ekki orðið af því fyrr en nú. "Laufblaðinu" er ætlað að vera vettvangur aðildarfélaganna um hvaðeina er snertir starfið og sömuleiðis að vera tengiliður þeirra á milli. Þar verður jafnframt komið á framfæri upplýsingum og fræðslu eftir því sem tök eru á. Fréttabréfið verður sent til allra félagsmanna og auk þess verður það sent stofnunum og öðrum félagasamtökum sem starfa á sama grunduelli og skógræktarfélagið.



Trjáskúlpúr

Um þessar mundir eru 30 ár síðan Laufblaðið, fréttabréf Skógræktarfélags Íslands, kom fyrst út. Fyrsta Laufblaðið var í A4 -broti, prentað í svarthvítu og ljósmyndir voru fáar. Þetta breyttist hratt og strax tveimur árum síðar var blaðið orðið litprentað með fjölda ljósmynda og auglýsinga frá ýmsum fyrirtækjum.

Laufblaðið hefur tekið ýmsum öðrum breytingum í gegnum tíðina, t.d. var brot þess stækkað á tímabili og frá árinu 2011 hefur það eingöngu verið gefið út rafrænt. Meginmarkmið þess hefur þó ekki breyst en það er að miðla fréttum af starfi skógræktarfélaganna í landinu ásamt því að vekja athygli á áhugaverðum nýjungum og deila fróðleik um skógrækt.

Þegar flett er í gömlum tölublöðum Laufblaðsins sést hve mikið þarfaverk útgáfa þess hefur verið. Þarna er haldið til haga merkilegri sögu skógræktarfélaganna og viðburðum og framkvæmdum á þeirra vegum gerð góð skil.

Fyrsta tölublaðinu sem út kom í mars 1992 var fylgt úr hlaði með ljóði eftir Margréti í Dalsmynni og er við hæfi að endurbirta það hér í tilefni tímamótanna.

Stærðar tré með stofni vænum,
stendur djúpt í kaldri jörð.
Laufblað svífur létt í blænum,
lífinu flytur þakkargjörð.

Ýmsan fróðleik er að bjóða,
effir og styrkir þjóðarsátt,
segir okkur sögu hljóða
um sannan lífsins undramátt.

Ef éljagrímur gramur syngur,
geysist yfir laut og hól.
Laufblað gleður græna finger,
gefur nýju lífi skjól.

Laufblaðið á tímum snjallsíma



Oft hefur sú ósk komið fram á aðalfundum Skógræktarfélags Íslands, að félagið stæði að útgáfu fréttabréfs, en ekki orðið af því fyrir en nú. „Laufblaðinu“ er ætlað að vera vettvangur aðildarfélaganna um hvaðeina er snertir starfið og sömuleiðis að vera tengiliður þeirra á milli. Þar verður jafnframt komið á framfæri upplýsingum og fræðslu eftir því sem tók eru á.

- Hulda Valtýsdóttir

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan Hulda Valtýsdóttir, þáverandi formaður Skógræktarfélags Íslands, ritaði þessi orð í fyrsta tölublað Laufblaðsins vorið 1992. Miðlun upplýsinga og fræðslu hefur tekið algerum stakkaskiptum með tilkomu tölvu- og nettækni og hefðbundnum fréttabréfum fækkað mjög. Laufblaðið hefur að vissu leyti farið bil beggja, það er að segja, útlit þess og umbrot fylgir forskrift hefðbundins prentaðs fréttabréfs en því er dreift rafrænt að hætti nútímans.

Möguleikum til miðlunar fréttu og upplýsinga fjölga stöðugt og hver sem er getur nýtt sér vefsíður og samfélagsmiðla til að ná til þess hóps sem hann kys á áhrifaríkan og skilvirkan hátt. Þessir nýju miðlar eru enn fremur gagnvirkir sem gefur áhugasömum möguleika á að leggja orð í belg, óska eftir frekari upplýsingum, koma með ábendingar og þar fram eftir götunum.

Nýmiðlarnir bjóða einnig upp á fleiri og marg-

þættari möguleika fyrir þá sem vilja standa að gerð fræðsluefnis en hefðbundið fréttabréf gerir. Með þeim er hægt að blanda saman myndum, texta, myndskreiðum, grafik og hljóði á skýrandi og upplýsandi hátt sem hentar mörgum betur en leiðbeiningar á blaði. Það er engin tilviljun að YouTube sé fyrsta stopp margra þegar þeir þurfa að leysa ýmsar þrautir daglegs lífs.

Hvert er erindi Laufblaðsins nú á dögum snjallsíma og samfélagsmiðla? Þjónar það enn hlutverki sínu eða er það hægt og rólega að breytast í steingerving? Þeirri spurningu verður ekki svarað hér og nú en ekki er hægt að ganga að því vísu að Laufblaðið verði enn við lýði eftir tíu, tuttugu, að ekki sé talað um önnur 30 ár. Nú þegar hafa nýmiðlarnir að miklu leyti tekið við upphaflegu hlutverki þess og sinna því með sóma.

Skógræktarfélag Íslands reynir að sjálfsögðu að vera í takt við tímann og hefur þegar tileinkað sér nýmiðla, heldur m.a. úti öflugum vef, Facebook-síðu og Instagram. Þá hefur félagið fetað sig áfram í gerð myndbanda í fræðsluskyni og nýtt sér fjarfundabúnað til að tengja saman félaga um land allt. Aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands eru jafnframt mörg dugleg að nýta sér nýmiðla. Möguleikarnir sem liggja í tækninýjungum eru óþrjótandi og nauðsynlegt að skógræktarfélagin séu vakandi yfir þeim og nýti sér þá eftir bestu getu. Með því móti geta þau tengst félögum sínum betur og miðlað upplýsingum og fræðslu rétt eins og Laufblaðinu var ætlað að gera í árdaga.

Einar Örn Jónsson

Laufblaðið

Fréttablað, 31. árgangur, 1. tölublað 2022.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Einar Örn Jónsson
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2021

Jónatan Garðarsson formaður
Þuríður Yngvadóttir varaformaður
Jens B. Baldursson gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Berglind Ásgeirsdóttir
Páll Ingþór Kristinsson
Nanna Sjöfn Pétursdóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Björn Traustason

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands



Ljósmyndarar í blaðinu: Brynjólfur Jónsson (BJ), Einar Jónsson (EJ), Jón Ásgeir Jónsson (JÁJ), Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF), Reynir Þorsteinsson (RÞ), Steinar Björgvinsson (SB).



Nýju bílarnir komu að góðum notum í jólatrjáavertíðinni enda annálaðir vinnuþjarkar og torfæutröll. Til vinstri er Krúsi (Mynd: EJ) en til hægri Lúxi (Mynd: JÁJ).

Skógræktarfélag Íslands fær nýja bíla

Tveir bílar bættust í flota Skógræktarfélags Íslands undir lok síðasta árs, báðir af gerðinni Toyota og torfæutröll mikil sem eiga eftir að nýtast vel við margvísleg störf í skógum landsins.

Krúsi – Land Cruiser 70

Margir þekkja „græna skógræktarbílinn” enda áberandi, sérstaklega þegar hann er með grófu viðargrindina uppsetta á pallinum. Krúsi lenti í árekstri í fyrra og var of laskaður eftir hann að svaraði kostnaði að gera við hann. Sorg ríkti í mannabústöðum og skógum landsins. Örlögin tóku í taumana og vel með farið 70 módel, sem búið var að lakka með sama lit og sá gamli, bauðst félaginu til sölu sem auðvitað var stokkið á. Reis því Krúsi upp á þriðja degi.

Frábær bíll í allar torfæur og hefur reynst félaginu afar vel gegnum árin. Krúsi hefur verið notaður í allt mögulegt, plöntu- og mannflutninga, sem dráttarvél og við jólatrjáahögg.

Lúxi – Hilux AT35

Fjárfest var í nýjum pallbíl fyrir jólavertíðina í fyrra. Bíllinn er í grunninn Hilux Invincible X Double Cab, en er breyttur hjá Artic trucks í módel sem er nefnt Hilux AT35. Við breytinguna er hann hækkaður, settur á 35 tommu dekk og lengdur. Lúxi hefur þegar sannað sig en verður í framtíðinni nýttur við flutninga á plöntum, tækjum og svo auðvitað við jólatrjáahögg.


Húsi – Land Cruiser 100

Að lokum skal minnst á Húsa sem hefur verið nýttur síðast liðin ár sem bíll sjálfbodaliðahóps Skógræktarfélags Íslands á sumrin og starfsmanna félagsins á veturna. Bíllinn er rúmgóður og hentar því ágætlega þegar ferja þarf fimm manns í heimsóknir hér og þar um landið með öllu hafurtaski. Hann er kominn nokkuð til ára sinna, en stendur fyrir sínu.

Jón Ásgeir Jónsson

Stígagerð og aðgengi í skógum

Skógræktarfélag Íslands blæs til fulltrúafundar í Guðmundarlundi í Kópavogi laugardaginn 11. júní. Þema fundarins að þessu sinni verður Græni stígurinn auk þess sem fjallað verður í víðu samhengi um stígagerð og aðgengismál í skógum skógræktarfélaganna. Meðal annars munu starfsmenn Skógræktarfélagsins, sem hafa mikla reynslu af stígagerð í útivistarskógum, miðla af þekkingu sinni og fjalla um hvernig megi nýta það sem til fellur í skóginum til að útbúa stíga og byggja brýr, tröppur og aðra aðstöðu fyrir gesti skógarins. Nánari dagskrá verður auglýst á vef félagsins og Facebook-síðu þegar nær dregur.



Fjallað verður um stíga og aðgengi að skógum á fulltrúafundi skógræktarfélaganna (Mynd: EJ).

Kolviður sjóður 15 ára

Það var mikil bjartsemi ríkjandi árið 2006 þegar Kolviður-sjóður var stofnaður. Stofnendur hans voru Skógræktarfélag Íslands og Landvernd með stuðningi ríkisstjórnar Íslands.

Markmið Kolviðar frá upphafi hefur verið aukin binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs (CO₂) í andrúmslofti. Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að:

- Gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að gerast kolefnishlutlaus.
- Fjármagna aðgerðir til bindingar kolefnis með skógrækt og landgræðslu.
- Stuðla að verndun jarðvegs og gróðurs.
- Stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.
- Draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Unnið hefur verið samkvæmt framangreindu og nú vinnur sjóðurinn að bindingu fyrir um 150 fyrirtæki á grundvelli samninga við þau og nokkur þúsund einstaklinga sem hafa keypt kolefnisbindingu í gegnum heimasíðu Kolviðar.

Stofnendur Kolviðar, Skógræktarfélag Íslands og Landvernd, eru sterkir bakhjarlar með samanlagt á 14 þúsund félagsmenn. Kolviður er ekki hagnaðar-drifinn og því fara allir fjármunir sem til hans renna til kolefnisbindingarverkefna.

Plantað hefur verið um 1,5 milljónum plantna á um 500 ha. á Geitasandi, Úlfjótssvatni, Skálholti, Reykholti í Borgarfirði og á Ærvíkurhöfða við Húsavík.

Í skipulagsskrá sjóðsins segir „Stjórninni ber að hafa jafnvægi milli tekna og gjalda og haga úthlutunum þannig að binding kolefnis standist fyrirheit og fái vottun frá viðurkenndum aðila.”

Unnið er að því að fá vottun á starfsemi Kolviðar samkvæmt alþjóðlegum staðli ISO 14064-2 fyrir bindingu kolefnis, á þessu ári og eru viðræður um slíkt m.a. við DNV-Det Norske Veritas.

Samhliða því að uppfylla kröfur ISO staðalsins mun Kolviður einnig uppfylla tilmæli Skógarkolefnis frá Skógræktinni.

Áhugi fyrir kolefnisbindingu til kolefnisjöfnunar og kolefnishlutleysis er vaxandi enda hafa ríkisstjórnir flestra landa einsett sér ná tökum á losun CO₂ og binda það sem losað er.

Til er orðin mælieiningin „kolefniseining” en ein slík samsvarar bindingu á einu tonni af CO₂ og það þarf um 10 tré í blönduðum skógi til að binda þetta á um 50 árum. Þetta hefur sett af stað líflegar umræður um kolefniseiningar, verðlagningu þeirra nú og í framtíðinni og skráningu og sölu þeirra eins og verðbréfa.

Erlendis eru orðin til stór viðskiptakerfi sem versla með þessar einingar og má þar m.a. nefna VERRA og Gold Standard. Það er margt í þessu umhverfi sem minnir nokkuð á skemmtilegan sjónvarpsþátt Verbúðina.

Það er mikil reynsla sem hefur orðið til hjá Kolviði hvað varðar samninga og samskipti við kaupendur kolefnisbindingar, landeigendur sem leigja land undir Kolviðarskóg, sveitarfélögin varðandi skipulagsmál og framkvæmdaleyfi, plöntuframleiðendur og verktaka sem annast girðingar, jarðvinnslu og gróðursetningu. Með vottun á starfsemi sinni vill Kolviður undirstrika trúverðugleika gagnvart kaupendum kolefnis-bindingar-kolefniseininga sem er mjög mikilvægt því framleiðsluferlið tekur 50 ár og það verður að vera skýrt hvernig því er og verður stjórnað svo að vænt binding gangi eftir.

Landeigendur eru mikilvægir þátttakendur í þessu framtíðarverkefni að binda kolefni í skógi. Flóra landeigenda hefur verið að breytast á undanförunum árum. Fjársterkir erlendir einstaklingar og sjóðir hafa verið að kaupa hér land, einnig innlendir fjárfestar og fyrirtæki. Staða bænda í sumum búgreinum er þannig að það er erfiðleikum háð að lifa af þeirri starfsemi og þeir séð þann kost vænstan að ganga að gylliboðum.

Við hjá Kolviði viljum gjarnan styðja við bakið á bændum þannig að þeir geti verið áfram á jörðum sínum eins og flestir þeirra kjósa og viljum því gjarnan sjá að hluti af þeirra lífibrauði geti verið tengt skógrækt, umhirðu skóga og vinnslu og sölu skógarafurða úr skógum sínum eins og þekkist erlendis.

Við bjóðum bændum og öðrum landeigendum að annast sem mest af þeirri vinnu sem tengist undirbúningi, gróðursetningu og umhirðu skóga gegn greiðslu, einnig er í boði að Kolviður sjái um þessa vinnu með verktökum sem ráðnir eru af viðkomandi svæði ef það er í boði.

Það er mikil fjárfesting í því að koma skógi af stað og bóndinn/landeigandinn eignast þessa fjárfestingu auk verðmættaukningarinnar sem felst í þeim skógi sem til verður og þeim skógarafurðum sem hann skilar. Virði lands með Kolviðarskógi margfaldast með þessum hætti og skilar sér margfalt á við t.d. leigu lands til hrossa-beitar.

Kolviður vill áfram leggja sitt af mörkum til að bæta andrúmsloftið í samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga sem vilja binda losun sína, plöntuframleiðendur og bændur/landeigendur.

Reynir Kristinsson, formaður Kolviðar



Myndarleg lindifura, milljónasta plantan á vegum Kolviðar, var gróðursett við hátíðlega athöfn á Úlfjótssvatni haustið 2020 (Mynd: EJ).

Myndir úr starfi Kolviðar



Kolviðarplöntur gróðursettar í rýran lyngmóa á Úlfjótssvatni (Mynd:EJ).



Jón Ásgeir Jónsson, starfsmaður SÍ, tekur saman fjölda tómra plöntubakka sem á að skila (Mynd: EJ).



Sérsmíðuð kerra sem nýtt er í að flytja plöntur milli á gróðursetningarsvæði (Mynd: EJ).



Kolviður skrifar undir samning við Skf. Suðurnesja og Lionsklúbb Keflavíkur (Mynd: BJ).



Jólastafafura

Þannig er mál með vexti að ég náði mér í jólatré í Álfholtsskógi 19.12.2022. Þetta var stafafura, 220 cm há og reyndist vera um 9 ára gömul og með fjölmörgum könglum. Hún lá á pallinum hjá mér til 23.12. Þá tók ég hana inn og setti í sjóðandi heitt vatn. Síðan var tréð puntað á hefðbundinn hátt. Við bættum vatni í fótinn eftir því sem þörf var á. Eftir nokkra daga tók ég eftir að greinaendar fóru að teygja sig upp á við. Grómyndandi karlreklar fóru einnig að myndast. 3. janúar tók ég eftir að svolítið fræfall hafði orðið. 11. janúar tók ég tréð niður og setti í sólhlífarfót eins og ég hef gert stundum áður úti á palli. Lengstu greinarendarnir voru 17-18 cm á lengd og höfðu lengst um 15-16 cm á meðan tréð dvaldi innanhúss og karlblómin höfðu tekið á sig fallega mynd. Ég sópaði upp helling af fræi af þessari lífsglöðu plöntu sem vildi sýna sínar bestu hliðar á jólnum. Setti fræin sem voru a.m.k. 1000 í poka og setti í frædreifingu á fundi Trjáklúbbsins þann 22. janúar sl.

*Reynir Þorsteinsson
formaður Skógræktarfélags Skilmannahrepps*

Heiðursbekkur

Þegar Vilhjálmur Sigtryggsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, fagnaði nírræðisafmæli sínu síðastliðið vor var ákveðið að smíðaður yrði bekkur og honum komið fyrir á fallegum stað í Heiðmörk. Bekknum var fundinn staður í rjóðri í Ferðafélagsreitnum við Skógarhlíðarkrika og var vígður þann 23. nóvember. Bekkurinn er hannaður af Sigríði Ólafsdóttur húsgagnasmíðameistara og var smíðaður í smíðju Skógræktarfélagsins úr sitkagreni úr Heiðmörk.



Stafafuran í fullum skruða í stofunni. Á efri myndinni má sjá fræfallið á dúknum (Myndir: RP).



Vilhjálmur ásamt börnum sínum við bekkinn fína.

Hugleiðing um ræktun kolefnisskóga

Í nokkurn tíma hefur umræða um ræktun skóga til lækkunar á kolefnislosunarreikningi þjóðarinnar verið til umræðu í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum og ekki síst manna í millum við ýmis tækifæri. Til þess að hægt sé að rækta skóg þarf land og í mörgum tilfellum er hægt að nýta lélegt landbúnaðarland þ.e. land sem ekki er gott til túnræktar eða akuryrkju t.d. vegna bratta eða grjóts eða annars sem ekki þykir heppilegt t.d. við kúabúskap.



Nú þegar sauðfé hefur fækkað verulega á landsvísu og ekki eru líkur á að því fjölgi svo nokkru nemi í náinni framtíð er ljóst að í landinu er til mikið landrými sem er ónotað þ.e. ekki beitt eða notað í þessum hefðbundna landbúnaðarfasa.

Hverjir eiga þetta land sem allt í einu er ónotað í dag en var áður notað til beitar fyrir sauðfé og hross? Í mörgum tilfellum eru það bændur sem hafa breytt sínum búskaparháttum úr því að vera með blandað bú, kýr og sauðfé, í eingöngu kúabú eða minnkað sitt bú og stunda vinnu utan bújarðar sinnar ásamt með minni búskap. Einnig er um að ræða jarðir sem farið hafa úr ábúð og einstaklingar eða félög hafa keypt með ýmsar hugmyndir um nýtingu í huga. Ég velti

vöngum yfir hvort samtök eins og t.d. Skógræktarfélag Íslands gæti verið frumkvöðull að félagi sem gerði samninga við landeigendur upp á t.d. 50–100 ha. lands undir kolefnisskóg til t.d. 40 - 50 ára og greiddi til landeiganda einhverja ákveðna upphæð á hverja gróðursetta plöntu í eitt skipti fyrir samningstímann en landeigandi ætti skóginn að loknum samningi.

Þetta eru fyrst og fremst hugleiðingar um hvort og hvernig er hægt að koma kolefnisbindingu með skógrækt á fót sem víðast um land ásamt því að nýta land sem ekki er notað til beitar búpenings.

Gaman væri að fá umræðu um þetta málefni og álit sem flestra.

Þorvaldur Böðvarsson, formaður Skf. V-Húnvetninga

Trjátegund mánaðarins

Skógræktarfélag Reykjavíkur hyggst á þessu ári birta mánaðarlegar færslur um trjátegund mánaðarins. Eins og nafnið gefur til kynna verður ein tegund tekin fyrir í hverjum mánuði og henni gerð ítarleg skil í máli og myndum. Tilgangurinn er að fræða fólk um tegundirnar og taka þátt í umræðu um umhverfis- og skógræktarmál. Færslurnar verða birtar á vef félagsins heidmork.is og á Facebook-síðu félagsins. Nú þegar hafa birst færslur um ilmbirki, sitkagreni og ryðelri sem allar eru skrifaðar af valinkunnum áhugamönnum um þessar tegundir. Í bland við fræðslu verður tæpt á álitamála, sögu skógræktar, erfiðleikum og tækifærum í skógrækt og svo framvegis.



Skógræktarfélag Reykjavíkur stendur að fræðslu um ólíkar trjátegundir á þessu ári (Mynd: EJ).



Starfsmenn Skógræktarfélags Hafnarfjarðar ásamt verktökum unnu að grisjun í Selhöfða (Mynd: SB).

Grisjun í Selhöfða

Fyrr á árinu var unnið að grisjun skógarins í Selhöfða suður af Hvaleyrarvatni í landi Hafnarfjarðar. Skógurinn norðan í Selhöfðanum er nokkrir hektarar að flatarmáli. Að stærstum hluta er þetta stafafura gróðursett á níunda áratug síðustu aldar af Skagway uppruna. Starfsmenn félagsins vinna við grisjunina ásamt starfsmönnum frá Trjáprýði en félagið fékk vilyrði fyrir styrk úr Landgræðslusjóði til grisjunar í höfðanum í fyrra. Efnið sem fellur til er nýtt í eldivið og kurl en alla jafna eru umfangsmestu trén skilin eftir. Þar sem búið var að grisja áður hefur undirgróður aukist. Skuggþolnum trjágróðri hefur sums staðar verið plantað með góðum árangri í kjölfar grisjunar eins og risalífvið, þín og þöll.


Búið er leggja stíga í gegnum skóginn í Selhöfða en svæði þetta er vinsælt útivistarsvæði enda hluti af útivistarparadísinni við Hvaleyrarvatn.

Selhöfðinn er eitt fyrsta svæðið sem gróðursett var í eftir að lausaganga sauðfjár var aflögð í upplandi bæjarins í kringum 1980. Trjáplönturnar voru að mestum hluta svokallaðar móbandsplöntur. Á þessum tíma var Selhöfðinn frekar gróðurvana eins og meira og minna allt uppland höfuðborgarsvæðisins að hrauninum frátöldum. Það voru smá birkileifar í einum litlum bolla í hlíðinni miðri sem enn stendur en er miklu lágvaxnara en furan í kring.

*Steinar Björgvinsson
framkvæmdastjóri Skf. Hafnarfjarðar*

Snjótroðari á leiðinni

Skógræktarfélag Eyfirðinga á von á nýjum snjótroðara sem nýtast mun við að útbúa gönguskíðabrautir í Kjarnaskógi. Félagið stóð að söfnun fyrir troðaranum og fékk rausnarleg framlög frá fjölmörgum einstaklingum, fyrirtækum, félagasamtökum og sveitarfélögum. Snjótroðarinn kostar um 35 milljónir króna en í heildina söfnuðust yfir 41 milljón króna og verður umfram féð meðal annars nýtt til að byggja skemmu yfir tækið. Nýi troðarinn er þýskur og af gerðinni PistenBully 100 og leysir af hólmi annan troðara, „Gamla Rauð“ sem hefur þjónað Eyfirðingum í um 40 ár.



Hægt var að fylgjast með gangi söfnunarinnar á vef Skógræktarfélags Eyfirðinga.